

## Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

### Fundargerð

Verknr. 1156

9. fundur svæðisskipulagsnefndar, fjarfundur  
fimmtudaginn 7. nóvember 2017, kl. 16:00-17:15

---

**Fundarefni:** Umsagnir um svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu sem var kynnt í september-október 2017, skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og afgreiðsla tillögu til auglýsingar skv. 24. gr. laganna

**Fundarfólk:** Fundurinn var fjarfundur og fulltrúar í hverju sveitarfélagi sátu á skrifstofu síns sveitarfélags og tengdust inn á sameiginlegan skjáfund þar. Mætt voru: Ingibjörg Emilsdóttir formaður og Haraldur V. A. Jónsson frá Strandabyggð; Karl Kristjánsson frá Reykhólahreppi; og Halla Steinólfsdóttir og Hörður Hjartarson frá Dalabyggð. Forföll boðaði: Ágúst Már Gröndal frá Reykhólahreppi. Einnig sátu sveitarstjórar fundinn; Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps og Andrea Kristín Jónsdóttir sveitarstjóri Strandabyggðar.

**Fundarstjóri og fundarritari:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir, frá Alta

### Dagskrá:

1. Ábendingar og umsagnir um kynningartillögu og afgreiðslu þeirra.
2. Afgreiðsla tillögu og umhverfisskýrslu skv. 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana.

### Auglýsingar og kynningarfundir um svæðisskipulagstillögu

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum 31. ágúst 2017 að kynna tillögu að svæðisskipulagi ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Kynningin fór fram með eftirfarandi hætti:

- Tillaga ásamt umhverfisskýrslu var birt á vef svæðisskipulagsverkefnis og Facebook-síðu þess þann 24. september 2017. Sú auglýsing birtist einnig á vefjum sveitarfélaganna: 29. september á vef Strandabyggðar og 2. október á vef Reykhólahrepps og vef Dalabyggðar. Óskað var eftir að ábendingar um efni tillögunnar bærust fyrir 28. október 2017. Fram kom að kynningarfundir yrðu haldnir í október og auglýstir síðar.
- Tillaga ásamt umhverfisskýrslu var send með tölvupósti 27. september 2017 til rúmlega 90 aðila og óskað eftir umsögn þeirra. Umsagnaraðilar eru listaðir aftast í tillögunni. Óskað var eftir að umsagnir bærust fyrir 28. október 2017.
- Auglýsing um tillögugögnin og kynningarfundir var birt í Fréttablaðinu, Skessuhorni, Bæjarins besta, Dalapóstinum, á vefjum sveitarfélaganna og vef og Facebook-síðu svæðisskipulagsverkefnis. Auglýsingarnar birtust 5.-7. október 2017. Óskað var eftir að ábendingar um efni tillögunnar bærust fyrir 28. október 2017.
- Auglýsing um kynningarfundir og hvar nálgast mætti tillögugögnin var send 4. október 2017 til netfangalista svæðisskipulagsverkefnisins, en á honum eru fjölmargir aðilar innan sveitarfélaganna sem boðið var á samráðsfundi við mótun tillögunnar.

- Auglýsinga á Facebook um skipulagsgögnin og kynningarfundir var „bústað“ þannig að hún fengi meiri dreifingu þar en ella.
- Opinn kynningarfundur um tillöguna var haldinn 10. október í Búðardal, 11. október á Reykhólum og 12. október á Hólmavík.
- Með tilkynningu á Facebook-síðu verkefnisins þann 24. október 2017 var frestur til að senda inn ábendingar framlengdur til 31. október 2017.

### **Aðilar sem sendu ábendingar eða svöruðu ósk um umsögn**

Eftirfarandi aðilar sendu inn ábendingar eða umsagnir en hver og ein þeirra er tekin fyrir að neðan og gerð grein fyrir svörum svæðisskipulagsnefndar við þeim.

- Atvinnuráðgjafi fyrir Reykhólahrepp og Strandabyggð, hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, dags. 23.10.2017.
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ásgarði, dags. 26.10.2017.
- Ferðamálastofa, dags. 18.10.2017.
- Finnur Árnason, Reykhólum, dags. 27.10.2017.
- Grundarfjarðarbær, dags. 3.11.2017.
- Gunnlaugur Pétursson og fólk frá Gröf í Þorskafirði, dags. 26.10.2017.
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, dags. 30.10.2017.
- Isavia, dags. 20.10.2017.
- Ísafjarðarbær, dags. 12.10.2017 og 30.10.2017.
- Landsnet, dags. 30.10.2017.
- Menningarfulltrúi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 23.10.2017.
- Minjastofnun Íslands, Minjavörður Vestfjarða, dags. 12.10.2017.
- Safnvörður Byggðasafns Dalamanna og skjalavörður Héraðsskjalasafns Dalasýslu, dags. 26.10.2017.
- Samgöngustofa, dags. 9.10.2017.
- Skógræktin, dags. 26.10.2017.
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness, dags. 28.10.2017.
- Veðurstofa Íslands, dags. 25.10.2017.
- Vesturbyggð, dags. 20.10.2017.

Eftirtaldir nefndir, ráð og sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjölluðu um svæðisskipulagstillöguna og gerðu ekki athugasemdir við hana.

- Byggðaráð Dalabyggðar, dags. 17.10.2017.
- Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar, dags. 24.10.2017.
- Sveitarstjórn Dalabyggðar, dags. 24.10.2017.
- Sveitarstjórn Reykhólahrepps, dags. 12.10.2017.
- Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps, dags. 17.10.2017.

- Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps, dags. 9.10.2017.
- Sveitarstjórn Strandabyggðar 10.10.2017.

### Ábendingar og svör svæðisskipulagsnefndar við þeim

Hér eru tilgreindar þær ábendingar sem bárust við kynningartillöguna og sett fram svör svæðisskipulagsnefndar. Ábendingar eru endursagðar og er texti sums staðar stytur en reynt að halda í merkingu eftir bestu getu. Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum kærlega fyrir ábendingarnar og samþykkir að þessi fundargerð verði send hverjum þeirra, með þeim svörum sem hér eru samþykkt af hálfu nefndarinnar.

### Frá atvinnuráðgjafa fyrir Reykhólahrepp og Strandabyggð hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða

- Spurt er hvaða leiðir eru heppilegar fyrir háspennumöstur/raflínur, m.a. í samhengi við ráðgerðar virkjanir sitt hvorum megin Ófeigsfjarðarheiðar, þ.e. Austurgilsvirkjun í Skjaldfannardal og Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Í svæðisskipulagstillögunni er einungis mörkuð stefna um málaflokka sem sveitarfélögin ákváðu að hafa sameiginlega stefnu um, þ.e. um þróun landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu og umhverfis- og skipulagsmál sem snúa að þessum greinum. Tillagan tekur ekki til orkumála að öðru leyti en því að stefnt er að styrkingu innviða þannig að ofangreindar atvinnugreinar geti blómstrað. Til að fylgja þeirri stefnu enn betur eftir verður bætt inn stefnu um að raforkuöryggi verði aukið m.a. með hringtengingu raforku á Vestfjörðum með tengivirki á Nauteyri. Stefnumörkun um tiltekna orkuframkvæmdir, þ.m.t. línulagnir, verður áfram á könnu hvers sveitarfélags í aðalskipulagi.*

- Í tengslum við mögulegar línuleiðir vegna framangreindra virkjana er stungið upp á vegi þvert yfir hálendið þannig að möguleiki sé á hringferð á sumrin yfir Árneshrepp og í Ísafjarðardjúp.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Hægt er að taka þessa hugmynd til skoðunar þegar legukostir fyrir raflínur vegna framangreindra virkjana verða til umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum þeirra og við endurskoðun / breytingar á aðalskipulagi.*

- Lagt er til að Þorskafjarðarheiði verði gerð að heilsársvegi.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Svæðisskipulagsnefnd bendir á að forgangsroðun og áhersla Fjórðungssambands Vestfirðinga er á að ljúka gerð Dýrafjarðarganga og leggja nýjan veg um Dynjandisheiði og Gufudalssveit. Við það mun leiðin frá Ísafirði stytast og umferðin færast að einhverju leyti af Steingrímsfjarðarheiðinni yfir á „vesturleiðina“ um Dýrafjarðargöng. Engin áform eru um heilsársveg um Þorskafjarðarheiði og eðlilegt að „austurleiðin“ liggi um Hólmavík.*

- Lagt er til að í tillögunni sé lögð áhersla á gæðin sem felast í því að búa á stað þar sem tíminn líður hægt fremur en að leggja áherslu á hreinleika þar sem sá þáttur á við Ísland allt fremur en þetta svæði sérstaklega. Lögð sé áhersla á að njóta tímans eða njóta stundarinnar.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

Á samráðsfundum bentu heimamenn á þau gæði sem felast í hreinu umhverfi og ekki síst hreinum sjó og hreinum landbúnaðarvörum, en svæðið er „hreint svæði“ m.t.t. sauðfjársjúkdóma. Talið var mikilvægt að viðhalda þessum hreinleika. Í tillögunni var hreinleiki umhverfis og framleiðsluvara því einn af þeim þáttum sem dreginn var fram í stefnu um svæðismark, landbúnað og sjávarnytjar. Ekki er talin ástæða til að sleppa því að nefna þau gæði er felast í hreinu umhverfi en tekið er undir þá tillögu að leggja áherslu á að svæðið býður upp á að njóta stundarinnar og „vera í núinu“. Texti um svæðismark verður yfirfarinn m.t.t. þess.

### Frá Eyjólfri Ingva Bjarnasyni, Ásgarði

- Bent er á að á kort yfir dreifingu býla eftir tegund vanti punkta fyrir tvö býli, Skjaldfönn og Laugarholt.  
*Svar svæðisskipulagsnefndar:*  
*Kortagögnin eru frá Byggðastofnun en þau verða yfirfarin og lagfærð í samræmi við þessa ábendingu.*
- Bent er á innsláttarvillu í örnefninu Norðurhólar á tveimur kortum sem sýna leiðakerfi.  
*Svar svæðisskipulagsnefndar:*  
*Örnefnið verður lagfært.*

### Frá Ferðamálastofu

- Í umsögninni kemur fram að í svæðisskipulagstillögunni sé að finna margar áhugaverðar og framsæknar hugmyndir að skipulagi ferðamála á skipulagssvæðinu, framkvæmd þeirra sé mikið verk og ákveða þurfi forgangsröð þeirra. Í því sambandi er minnt á yfirstandandi gerð áfangastaðaáætlana (e. Destination Management Plans) en slíkar áætlanir ættu að nýtast við forgangsröðun hugmynda sem eiga að stuðla að ferðamennsku.  
*Svar svæðisskipulagsnefndar:*  
*Í kafla 8.4 um leiðakerfi kemur fram að unnin verði framkvæmdáætlun til tveggja eða þriggja ára sem forgangsröðar verkefnum í svæðisskipulagstillögunni og skilgreinir þau m.t.t. nálgunar og kostnaðar. Þessu verður skýrar fylgt eftir í 10. kafla um framfylgd og þar verður bætt inn umfjöllun um tengsl svæðisskipulagstillögunnar við áfangastaðaáætlanir.*
- Bent er á að í köflum 3.3 og 3.4 sé ekki minnst á áfangastaðaáætlanir sem nú er verið að vinna í landshlutunum. Þar muni m.a. koma fram forgangsröðun uppbyggingarverkefna á svæðisvísu og að aðrar tengdar áætlanir ríkisins á landsvísu, s.s. samgönguáætlun, muni líta til áfangastaðaáætlana hvað þetta varðar. Því sé afar mikilvægt að svæðisskipulag endurspegli þær áherslur sem þar er að finna og öfugt.  
*Svar svæðisskipulagsnefndar:*  
*Þegar vinna við svæðisskipulagstillöguna hófst lá ekki fyrir hvernig staðið yrði að gerð áfangastaðaáætlana og í dag eru ekki komnar fram tillögur sem hægt er að taka mið af. Markaðsstofa Vestfjarða og Markaðsstofa Vesturlands fengu verkefnislýsingu fyrir svæðisskipulagstillöguna til umsagnar í júní 2016, greiningarskýrslu í febrúar 2017 og kynningartillögu í september 2017. Ekki bárust ábendingar eða umsagnir um skýrslurnar frá þessum aðilum, s.s. hvað varðar þætti eða fyrirliggjandi hugmyndir og áherslur sem taka bæri mið af við svæðisskipulagsgerðina. Svæðisskipulagsnefnd fagnar gerð áfangastaðaáætlana fyrir landshluta og lítur svo á*

*að þær séu vettvangur til að ræða og vinna frekar að framgangi þeirra hugmynda sem settar eru fram í svæðisskipulagstillögunni.*

- Bent er á að Ferðamálastofa geti verið mögulegur samstarfsaðili í einhverjum þeim verkefnum sem skilgreind eru í kafla um ferðaþjónustu, t.d. í umhverfis- og gæðamálum og rannsóknum og uppbyggingu þekkingar.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tekið er undir þessa ábendingu og verður tillagan lagfærð í samræmi við hana.*

- Bent er á að mikilvægt sé að skoða starfsemi svæðis- og þjónustustöðva, sem gert er ráð fyrir í stefnu um leiðakerfi í kafla 8.4, í samhengi við verkefni Ferðamálastofu um endurskoðun á opinberri upplýsingaveitu til ferðamanna sem nú fer fram og Markaðsstofur Vesturlands og Vestfjarða taka þátt í. Mikilvægt sé að tryggja gæði upplýsingaveitu á slíkum stöðvum, t.d. með þjálfun starfsfólks. Einnig þurfi að huga að því að útlit og merkingar stöðvanna séu í takt við þá opinberu stefnu sem mörkuð verður í nýju kerfi sem áætlað er að taki til starfa í ársbyrjun 2019. Ferðamálastofa hvetur samráðsvettvang svæðisskipulagsins til að vinna þessi mál áfram í samráði við stofnunina svo samræmis í upplýsingaveitu til ferðamanna sé gætt, bæði innan landshluta og yfir landið allt.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tekið er undir þau sjónarmið sem hér koma fram og mun texti varðandi upplýsingaveitur í*

*svæðisskipulagstillögunni verða endurskoðaður í ljósi þeirra. Svæðisskipulagsnefnd lýsir jafnframt yfir vilja til að vinna með Ferðamálastofu að málinu.*

- Talið er að ólíkt öðrum leiðum leiðakerfisins virðist hugmyndin um þriggja þorpa gönguleiðina vera illa ígrunduð og byggð á nokkurri vanþekkingu á algengum þörfum göngufólks og kröfum til gönguleiða. Svo virðist sem horft hafi verið fyrst á þarfir samfélaganna fyrir að styrkja þorpin sín, frekar en að skoða hvað væri raunverulega áhugaverð leið fyrir göngufólk.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Rétt er að einn aðalútgangspunktur við mótun áætlunarinnar var að efla byggð, sbr. kafla 1.4. Tillaga um gönguleiðina byggir á hugmyndum sem fram komu á samráðsfundi með heimamönnum. Leiðin er einmitt m.a. hugsuð til að styrkja þorpin með því að nýtt sé sú þjónusta sem þar er. Jafnframt er hugsunin sú að halda óbyggðum svæðum óhreyfðum og að ekki þurfi að reisa þar gistiskála. Ennfremur er leiðin sem slík talin geta boðið upp á áhugaverða upplifun um ólíkt landslag með því að þræða sig um sveitir, óbyggðir, strönd og heiðar og þrjár tegundir af þorpum; sveitaþorp, sjávarþorp og iðnaðarþorp. Talið er að leiðin geti aukið fjölbreytni í þeirri flóru gönguleiða sem eru í boði á Íslandi. Bent er á að erlendis eru í boði margar vinsælar göngu- og hjólaferðir eftir leiðum á milli þorpa.*

- Bent er á mikilvægi þess að forgangsroðun svæðisskipulagsverkefna, auk tengdra fjárhags- og framkvæmdaáætlana á sviði ferðaþjónustu og samgangna, endurspegli áherslur í áfangastaðaáætlunum Vestfjarða og Vesturlands.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Vísað er í svar við fyrstu og annarri ábendingu að ofan.*

## Frá Finni Árnasyni, Reykhólum

- Lagt er til að útbúinn verði slóði hringinn í kringum Reykjanesfjallið sem fær verði gangandi fólki, reiðmönnum, hjólréiðamönnum, skíðamönnum og ef til vill fleirum, helst allan ársins hring. Tilgangurinn væri að efla möguleika til útivistar og fjölga möguleikum ferðafólks til að hafa eitthvað fyrir stafni á svæðinu. Einnig væri hægt að hugsa sér að þarna skapist möguleikar til að halda íþróttamót; víðavangshlaup og hjólréiðakeppnir.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Í svæðisskipulagstillögunni er fyrst og fremst lögð áhersla á að skilgreina lengri leiðir sem ná yfir sveitarfélögin þrjú, ef undan eru skildar leiðir um Dalina en ástæða þótti til að draga þá sérstaklega fram. Styttri leiðir innan hvers sveitarfélags verða skilgreindar í aðalskipulagi og er þessari ábendingu vísað til endurskoðunar aðalskipulags Reykhólahrepps.*

## Frá Grundafjarðarbæ

- Bent er á mikilvægi þess að við nýtingu sjávarauðlinda í Breiðafirði verði lög áhersla á sjálfbærni þeirra.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tekið er undir ábendinguna. Í svæðisskipulagstillögunni er sett fram stefna um að heilbrigði, líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugeta haf- og strandsvæða viðhaldist og að framleiðsla vara úr sjávarfangi byggji á sjálfbærri nýtingu. Í þeim tilgangi verði beitt haf- og strandsvæðaskipulagi. Einnig er í tillögunni sett fram stefna um að stuðlað verði að rannsóknnum á sjávarauðlindum svæðisins, nýtingu þeirra og minjum, sögu og háttum tengdum sjávarnytjum svæðisins. Sérstök áhersla verði á rannsóknir vegna þangtöku.*

- Lagt er til að hugað verði að tengingu Dalabyggðar og Snæfellsness um Skógarstrandarveg til þess að svæðið í heild geti notið ávinnings af bættri vegtengingu.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tekið er undir ábendinguna. Í svæðisskipulagstillögunni er sett fram stefna um að Skógarstrandarvegur verði byggður upp til að svæðið geti notið þess ávinnings í ferðaþjónustu sem bætt tenging við Snæfellsnes getur gefið.*

## Frá Gunnlaugi Péturssyni og fólki frá Gröf í Þorskafirði

- Sendar eru inn athugasemdir sem varða skipulagslýsingu og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna Vestfjarðavegar 60 frá Bjarkalundi að Skálanesi. Legu vegarins um Teigsskóg er mótmælt. Tekið er fram að athugasemdirnar eigi einnig við um tillögu að svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, þar sem það á við.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Í svæðisskipulagstillögunni er mörkuð almenn stefna um að vegir á milli svæðisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra verði bættir til að svæðið geti sem best nýtt möguleika sína til þróunar (sbr. kafli 9.5 í tillögunni). Lagt er til að lögð verði sérstök áhersla á bættan veg um Skógarströnd og að einbreiðar brýr heyri sögunni til. Einnig er gert ráð fyrir úrbótum á Vestfjarðavegi nr. 60 um Reykhólahrepp en lega hans verði ákveðin í aðalskipulagi, eins og lega annarra vega. Þannig tekur svæðisskipulagið ekki beina*

afstöðu til þeirra kosta sem lagðir hafa verið fram. Miðað hefur verið við að svæðisskipulagið sé stefnumarkandi (e. strategic) fremur en að það skilgreini legu grunnkerfa og afmörkun landnotkunarsvæða líkt og aðalskipulag gerir. Þess vegna eru öll kort í svæðisskipulagstillögunni skýringarkort en ekki skipulagsuppdrættir til staðfestingar. Þannig verða skýr skil á milli svæðisskipulags og aðalskipulags.

### Frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

- Ekki eru gerðar athugasemdir við svæðisskipulagstillöguna eða umhverfisskýrslu hennar.

### Frá Landsneti

- Bent er á mikilvægi þess að huga að stefnumörkun á svæðisvísu sem tengist raforkuflutningum. Framfylgd metnaðarfullra áherslna fyrir áherslugreinar svæðisskipulagstillögunnar séu háð öruggu rafmagni bæði í magni og gæðum og þannig tryggum tengingum við raforkukerfið.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Í svæðisskipulagstillögunni er stefnt að styrkingu innviða þannig að atvinnugreinar geti blómstrað. Til að fylgja þeirri stefnu enn betur eftir verður bætt inn stefnu um að raforkuöryggi verði aukið m.a. með hringtengingu raforku á Vestfjörðum með tengivirki á Nauteyri. Stefnumörkun um tilteknar orkuframkvæmdir, þ.m.t. línulagnir, verður áfram á könnu hvers sveitarfélags í aðalskipulagi.*

### Frá skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar, ásamt minnisblaði frá skipulags- og byggingafulltrúa

- Fagnað er að sveitarfélögin hafi tekið sig saman um gerð svæðisskipulags og skýrslan er talin vel uppsett og skilmerkileg.
- Bent er á að betur mætti gera grein fyrir tengslum og samstarfi til framtíðar við aðliggjandi sveitarfélög.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Fyrirhugað er að kafli um framfylgd taki nánar á þessu, en í köflum um leiðir að markmiðum eru tilgreindar ýmsar stofnanir og samtök sem gert er ráð fyrir samstarfi við um einstök verkefni, þ.m.t. eru landshlutasamtök og stofnanir sem nágrannasveitarfélög eiga aðild að.*

- Bent er á að ekki er minnst á umhverfivottun Earth Check sem öll níu sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa samþykkt að vinna að.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Umhverfivottun Vestfjarða er tilgreind í kafla 3.3 í umhverfisskýrslu þar sem fjallað er um tengsl við áætlanir fyrir landshluta. Gerð verður nánari grein fyrir þeim tengslum þar.*

- Bent er á að til að áherslur og skilaboð svæðismarks skili tilætluðum árangri þurfi þau að vera sýnileg. Einnig að það hvort markmið náist velti á framfylgd þeirra verkefna/leiða sem eru skilgreind(ar) og góðri samvinnu sveitarfélaganna. Ennfremur þurfi verkefnastjórnun að vera góð.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tekið er undir þetta.*

- Tekið er undir heitið „Vesturslaufuna“ fyrir ferðaleiðina sem myndar áttu eða tvo hringi um svæðið.  
*Svar svæðisskipulagsnefndar:*  
*Eftir samþykkt svæðisskipulags verður leiðakerfið þróað áfram og þá verða heiti á hverja leið endanlega ákveðin.*
- Lagt er til að í leiðakerfi svæðisskipulagstillögunnar verði gert ráð fyrir sveigjanleika m.t.t. áningarstaða, þannig að mögulega bætist einhverjir við en aðrir detti út.  
*Svar svæðisskipulagsnefndar:*  
*Samkvæmt svæðisskipulagstillögunni verður ákvörðun um staðsetningu og fjölda áningarstöðva tekin við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaganna, sbr. það sem segir í kafla 8.4: „Stefna um staðsetningu áningarstöðva verði mótuð í aðalskipulagi, t.d. með því að setja viðmið fyrir staðsetningu minni áningarstöðva en skilgreina staðsetningu stærri áningarstöðva, s.s. þar sem áformuð eru bílastæði og salerni eða önnur meiri mannvirkjagerð.“ Við þá stefnumótun verður tekin afstaða til þess hvort einhverjir núverandi áningarstaðir Vegagerðar detti út og hvaða nýju staðir bætist við.*

### Frá Isavia

- Ekki eru gerðar athugasemdir eða skilað inn umsögn á þessu stigi málsins.

### Frá menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar

- Fram kemur að mörkun svæðisins á sviði ferðaþjónustu sé í góðum samhljómi við þá ímynd sem ferðaþjónustuaðilar í Döllum vilja standa fyrir. Hins vegar telur nefndin gengið fullllangt í að skilgreina ferðaleiðir og ekki síst stöðvar. Nefndin leggur ríka áherslu á að ekki verði nefndir áningar- eða áfangastaðir þar sem ekki hefur verið haft samráð við eigendur og aðra hagaðila.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tillögur um ferðaleiðir byggja á hugmyndum sem komu fram á samráðsfundi sem haldinn var á vinnslutímanum. Þær leiðir eru valdar sem taldar eru tengja svæðið saman sem heild og/eða endurspegla sérkenni þess sem best. Hugmyndin með leiðakerfinu er sú að sameinast verði um að þróa nokkrar meginleiðir sem styttri leiðir innan hvers sveitarfélags geta svo tengst. Dalaleið og Strandaleið eru einungis innan eins sveitarfélags en þær draga fram ákveðna sérstöðu svæðisins og tengjast auðveldlega lengri leiðunum og yfir í nærliggjandi sveitarfélög/svæði.*

*Samkvæmt svæðisskipulagstillögunni verður ákvörðun um staðsetningu og fjölda þjónustustöðva og áningarstöðva tekin við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélaganna, sbr. það sem segir í kafla 8.4 um þjónustustöðvar: „Ákvörðun um staðsetningu og umfang þjónustustöðva er tekin í aðalskipulagi en almennt er gert ráð fyrir að þær séu á þeim hluta ferðaleiða þar sem er byggð í dag, þ.e. ekki uppi á heiðum eða inn í eyðidölum eða eyðifjörðum.“ Þar segir einnig um áningarstöðvar: „Stefna um staðsetningu áningarstöðva verði mótuð í aðalskipulagi, t.d. með því að setja viðmið fyrir staðsetningu minni áningarstöðva en skilgreina staðsetningu stærri áningarstöðva, s.s. þar sem áformuð eru bílastæði og salerni eða önnur meiri mannvirkjagerð.“ Allar þjónustustöðvar og áningarstöðvar eru því sýndar á skýringarkortum til upplýsingar um staði þar sem nú þegar er þjónusta eða þar sem Vegagerðin hefur sett upp áningarstað. Engar nýjar stöðvar er þar að finna. Kortin eru til skýringar og ekki bindandi, sbr. kafla 2.8 og 9.1 og sbr. myndatexta með kortum yfir*



*leiðakerfi. Á aðalskipulagsstigi verður haft samráð við landeigendur um mögulega áningarstaði. Hnykktt verður á þessu í kafla 8.4. um leiðakerfi og í 10. kafla um framfylgd.*

- Jafnframt sendir nefndin frá sér minniháttar athugasemdir um orðalag.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Ábendingarnar verða yfirfarnar og texti lagfærður þar sem tilefni þykir til.*

### **Frá Menningarfulltrúa Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**

- Skýrslan er sögð einstaklega falleg, skýr og áhugaverð yfirlstrar. Ekki er tekin afstaða til innihaldsins.

### **Frá Minjaverði Vestfjarða, Minjastofnun Íslands**

- Bent er á að breyta þurfi texta um minjar í kafla 5.12 í umhverfisskýrslu þannig að ljóst sé að þær geti verið að finna allsstaðar á svæðinu.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Textinn verður lagfærður.*

- Lagt er til að lögð sé áhersla á að allar fornleifar 100 ára og eldri njóti friðunar og þeim megi ekki raska, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar. Einnig að fram komi að á svæðinu séu 72 friðlýstar fornleifar, sem þó er langt frá því að vera heildarfjöldi minja.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Texti í kafla 5.12 í umhverfisskýrslu og kafla 9.3 í svæðisskipulagstillögu verður endurskoðaður m.t.t. þessa.*

*Einnig leiðir að markmiðum í köflum 6.3, 7.3 og 8.3.*

### **Frá safnverði Byggðasafns Dalamanna / skjalaverði Héraðsskjalasafns Dalasýslu**

- Bréfitari segir að sé eitthvað markvert að finna í tillögunni þá hafi það týnst í orðagjálfri, misnotkun myndrænnar framsetningar og tormeltri framsetningu.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Orðaval og stíll tillögunnar tekur m.a. mið af því að verið er að setja fram sýn og stefnu til langrar framtíðar sem geti verið innblástur og viðmiðun við þróun og stýringu svæðisins. Við orðaval var einnig reynt að taka mið af þeim orðum sem heimamenn sjálfir notuðu á samráðsfundum t.d. þegar þeir voru beðnir að draga fram sérkenni og tækifæri svæðisins.*

*Öll kort í tillögunni sýna upplýsingar sem eru tiltækar í opinberum gagnagrunnum. Ljósmyndir í tillögunni eru af svæðinu.*

*Við tillögugerðina var leitast við að hafa kerfisbundna og hnitmiðaða uppbyggingu og er henni lýst í 2. kafla, bæði með texta og skýringarmynd. Áhersla var á stutta kafla og að hver stefnukafli hefði sömu uppbyggingu.*

- Staðhæft er að farið sé inná hluti sem frekar ættu heima í aðalskipulögum sveitarfélaganna og samstarfsverkefnum byggðum á svæðisskipulagi.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Við mótun svæðisskipulagstillögunnar var sérstaklega gætt að því að skýr skil væru á milli svæðisskipulags og aðalskipulags. Þannig tekur svæðisskipulagið ekki til legu grunnkerfa eða afmörkunar landnotkunar líkt og*

aðalskipulag gerir. Hinsvegar markar það almenna stefnu til nánari útfærslu í aðalskipulagi. Öll kort í svæðisskipulagstillögunni eru til skýringar en ekki staðfestingar.

Rétt er að skilgreind eru ýmis samstarfsverkefni sem lagt er til að sveitarfélögin sameinist um að vinna að og fái til þess í lið með sér ýmsa aðila, sbr. þá sem tilgreindir eru sem „mögulegir samstarfsaðilar“. Sú nálgun er í samræmi við það sem lagt var upp með, þ.e. að svæðisskipulagsáætlunin yrði einskona eigin byggðááætlun eða sóknaráætlun sveitarfélaganna, eins og útskýrt er í kafla 1.3.

- Fram kemur að það sé skilningur bréfitara að svæðisskipulagsáætlunum sé ætlað að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og byggðapróun. Á þeim grunni vinni síðan sveitarfélög, stofnanir þeirra, einstakir starfsmenn, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar sína starfsemi og sitt samstarf.

Svar svæðisskipulagsnefndar:

Í svæðisskipulagstillögunni eru sett fram sameiginleg markmið sveitarfélaganna um byggðapróun á svæðinu m.t.t. meginatvinnugreina sem þar eru. Í kafla 2.4 kemur fram að markmiðin lýsa, fyrir hverja grein, þeim meginárangri sem leitast er við að ná og áherslum sem unnið verður eftir. Að markmiðunum eru svo skilgreindar leiðir. Þær geta ýmist snúið að samstarfi á milli sveitarfélaga og annarra aðila, verið verkefni sem vinna þarf að eða skipulagsstefna um landnotkun og mannvirkjagerð sem fylgja þarf eftir við aðal- og deiliskipulagsgerð og útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa. Með stefnunni beina sveitarfélögin ákveðnum áherslum til stofnana sinna og einnig lýsa þau yfir að þau óski eftir samstarfi við fjölmarga aðila til að ná settum markmiðum.

Viðeigandi er talið að setja slíka stefnu fram í svæðisskipulagi en skipulagslög skilgreina það svo:

„Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.“

- Talið er út í hött að taka umhverfismál sérstaklega út úr svæðisskipulagi þar sem þau séu samofin öllu sem við gerum og upplifum og sjálfbæru samfélagi.

Svar svæðisskipulagsnefndar:

Í svæðisskipulagstillögunni eru skilgreindar þrjár megináherslugreinar; landbúnaður, sjávarnytjar og ferðaþjónusta. Sett er fram stefna um þrjú svið fyrir hverja áherslugrein, en sviðin snúa að byggðapróun og eru umhverfismál eitt þeirra. Þetta er útskýrt í kafla 2.4 þar sem kemur fram að sett séu markmið og leiðir sem snúa að umhverfismálum (umhverfi og auðlindir), atvinnumálum (framleiðsla og starfsemi) og menningarmálum (menning og þekking) fyrir hverja áherslugrein. Þannig er stuðlað að því að sótt sé fram á öllum helstu sviðum og að þau styðji hvert við annað. Með því að draga þessi þrjú svið fram er jafnframt verið að undirstrika að til að stuðla að sjálfbærri þróun þurfi að sinna öllum sviðunum þremur.

Ef ábendingin vísar til umhverfisskýrslu sem sett er fram sem fylgiskjal með tillögunni þá gera lög um umhverfismat áætlana ráð fyrir að umhverfisskýrsla geti hvort heldur verið sér skýrsla eða hluti af greinargerð áætlunar. Til þess að gera áætlunina sem aðgengilegasta til notkunar þegar kemur að framfylgd hennar, var ákveðið að hafa sjálfa stefnuna á sem knöppustu formi en setja forsendugrunn og umhverfismat fram í sér skýrslu.

- Bent er á að stutt og markvisst svæðisskipulag sé gott stjórnþæki til að forgangsraða og marka sameiginlega stefnu, en ekki síður til að leggja grunn að farsælu samstarfi á svæðinu.

Svar svæðisskipulagsnefndar: Tekið er undir þetta.

## Frá Samgöngustofu

- Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við tillöguna eins og hún er kynnt.

## Frá Skógræktinni

- Skógræktin fagnar því að Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð sjái tækifærin sem skapast með nýræktun skóga. Einnig er það talið jákvætt að í tillögunni sé sett fram stefna um að stuðla að verndun merkra birkiskóga á svæðinu í samvinnu við landeigendur, bændur og aðra sem koma að skógrækt. Þá er einnig lýst ánægju með að sveitarfélögin ætli að stuðla að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti meðal annars með skógrækt og landgræðslu. Vakin er athygli á að kolefnisbindingeta skóga sé breytileg eftir tegundasamsetningu skógarins og eftir landgæðum.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Tillagan verður yfirfarin m.t.t. þess að getið sé um tengsl skógræktar og kolefnisbindingar. Einnig verður dregin betur fram stefna um að efla skógrækt sem landbúnaðargrein en hún er þegar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Þar er líka lögð áhersla á að gott landbúnaðarland, m.t.t. ræktunargildis, verði ekki tekið undir skógrækt og verður það einnig sett fram í svæðisskipulagstillögunni.*

- Bent er á nýjar og uppfærðar leiðbeiningar í bæklingnum „Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga“.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu til viðurframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.*

## Frá sveitarstjórn Dalabyggðar

- Lögð er áhersla á að svæðisskipulag bindi ekki hendur sveitarstjórna varðandi landnotkun komi síðar upp hugmyndir sem ekki er fjallað um í svæðisskipulagstillögu.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Svæðisskipulagstillagan nær einungis til þeirra málaflokka og viðfangsefna sem þar er fjallað um. Stefnan er sett fram með almennum hætti svo hvert sveitarfélag hafi ákveðið svigrúm til að útfæra landnotkun og grunngerð í sínu aðalskipulagi. Ef upp koma framkvæmdaáform sem falla ekki undir þá málaflokka, markmið og leiðir sem svæðisskipulagstillagan tilgreinir þá eru þau mál á könnu hvers sveitarfélags fyrir sig.*

## Frá svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness

- Engar athugasemdir eru gerðar við svæðisskipulagstillöguna.

## Frá Veðurstofu Íslands

- Ítrekað er mikilvægi þáttar náttúruvár við skipulagsgerðina.

*Svar svæðisskipulagsnefndar:*

*Í svæðisskipulagstillögunni er ekki verið að festa staðsetningu nýrra byggðarsvæða eða mannvirkja. Settur er almennur rammi til nánari útfærslu í aðalskipulagi. Því er ekki fjallað sérstaklega um náttúruvá en í tillögunum verður bætt inn texta um mikilvægi þess að taka mið af náttúruvá þegar kemur að ákvörðunum t.d. um þjónustustöðvar og áningarstöðvar og aðra mannvirkjagerð sem tillagan hvetur til eða gerir ráð fyrir.*

## Frá skipulags- og umhverfisráði Vesturbyggðar

- Ekki eru gerðar athugasemdir við framlagða tillögu eða umhverfisskýrslu.

## Ábendingar á kynningarfundum 10., 11. og 12. október 2017

Á kynningarfundum sem haldnir voru um svæðisskipulagstillöguna í október í Búðardal, á Reykhólum og á Hólmavík, komu fram nokkrar ábendingar, m.a. út frá spurningum sem beint var til fundarmanna um hvort eitthvað vantaði í þær tillögur sem lagðar voru fram, hvort framtíðarsýn og svæðismark lýstu þeirra eigin sýn og upplifun, hver ávinningur af þróun leiðakerfis sem lýst er í tillögunni gæti orðið og hvers þurfi að gæta við uppbyggingu þess. Einnig hvers þurfi að gæta við framkvæmd áætlunarinnar. Sjónarmið og ábendingar sem fundarmenn settu á blað eða skipulagsráðgjafar skráðu hjá sér í umræðum á fundunum eru í fylgiskjali.

*Umfjöllun svæðisskipulagsnefndar um efnið:*

*Sumar ábendinganna styðja við þá stefnu sem sett er fram í tillögunni en aðrar kalla á að skerpt sé á ýmsum atriðum. Tillagan verður yfirfarin m.t.t. ábendinganna og orðalagi breytt þar sem tilefni þykir til. Efnislegar breytingar sem verða gerðar eru:*

- *Í stað „slagorðsins“ „Hér njótum við hlunninda“ verður notað „Njótum hlunninda!“ þar sem það vísar til hvorutveggja; að á svæðinu njóti íbúar hlunninda og að þeir bjóði með sér.*
- *Skapandi greinar dregnar enn betur fram í leiðum að markmiðum.*
- *Lögð enn frekari áhersla á fjölbreytni í landbúnaði.*
- *Matarmening dregin betur fram í samhengi við ferðaþjónustu.*
- *Mikilvægi uppbyggingar hitaveitu dregin betur fram.*
- *Lögð áhersla á að tryggja yfirráð sveitanna yfir botni sjávar.*
- *Tilgreind fleiri dæmi um tækifæri í landbúnaði, sjávarnytjum og ferðaþjónustu, sbr. þau sem komu fram á fundunum.*
- *Getið um Vínlandssetur í Búðardal.*
- *Þýðing leiðakerfis fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn dregin betur fram.*
- *Gerð nánari grein fyrir framfylgd svæðisskipulags.*

### Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar 7. nóvember 2017

Svæðisskipulagsnefnd leggur til, með vísan í 23. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana, að sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar samþykki svæðisskipulagstillöguna að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er að framan. Í kjölfarið verði tillagan ásamt umhverfisskýrslu send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. framangreindar lagagreinar. Þegar unnið hefur verið úr umsögn Skipulagsstofnunar verði tillagan og umhverfisskýrslan auglýstar skv. 24. gr. skipulagslaga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.15